

46. tbl. 72. árg. 25. nóvember 2010 Aðeins 895 kr.

**HLÝJAR
VETRARFLÍKUR**

**MELKÍOR OG
VÖTTUR**

*FORELDRAR UM
NAFNGIFTIR Á
BÖRNUM SÍNUM*

**LEYNDARMÁL
VINSÆLA FÓLKSINS**

**ELSKAR ÞÚ EITT
BARN MEIRA EN
ANNAÐ?**

**RAGNHILDUR GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR
(MÆÐRASTYRKSNEFND)**

VARÐ UNG EKKJA MEÐ FJÖGUR BÖRN

*„Litlir strákar kunna lítið annað en að hirða launin sín“
Fékk enga milljón á mánuði fyrir störf sín í verkalyðsforystunni
Verkalýðsforkólfar undirlægjur auðvaldsins*

HEKLAÐ JÓLASKRAUT

**TÍSKA SEM
GRENNIR**

NEGLUR

**JÓLAKORTAFÖNDUR
JÓLAFÖNDUR**

**HVAÐA ÁHRIF HAFNA
SAMANDSSLIT Á ÞIG?
TAKTU PRÓFIÐ**

055
Vík
2010
72(46)
4to

Galdrahornið • Lífsreynslusögur • Fræga fólkið • Krossgáta • Persónuleikapróf
Kitschfríður • Danski kúrin • Matgæðingur • Hollusta – Sólveig Eiríksdóttir

SKÓLAGANGA ER LÍTILS VIRÐI ÞEGAR MANNÚÐINA VANTAR

Ragnhildur Guðrún Guðmundsdóttir, formaður Mæðra-
styrksnefndar Reykjavíkur,
er mikil kvenréttindakona og
starfaði lengi innan verkalýðs-
hreyfingarinnar. Þessi kraft-
mikla kona situr svo sannarlega
ekki með hendur í skauti þrátt
fyrir að vera sest í helgan stein
og vinnur ötullega að málefnum
þeirra sem minnst hafa.

„Við úthlutum mat á hverjum
miðvikudegi og fyrsta þriðjudag
í mánuði er fataúthlutun. Fólk
kemur til okkar með reisu og við
reynum að taka á móti því með
reisu, en það fer ekki fram hjá
okkur að því líður ekki vel. Það
er áhyggjufullt. Sumir eru býsna
hressir og vongóðir meðan aðrir
eru það alls ekki. Þeim, sem
leita eftir aðstoð, hefur fjölgað
mikið og samsetning hópsins
hefur breyst töluvert eftir hrun-
ið. Fjölgunin er mest hjá yngri
fjölskyldum og eldri borgurum

og það er hræðilegt að hugsa til
þess að eldra fólki var ráðlagt af
starfsfólki bankanna að fjárfesta
í einhverjum sjóðum og missti
þar með ævisparnaðinn sinn. Og
útborgun lífeyris og reglur kring-
um hann eru þannig að hann
skerðist verulega við minnstu
aukainnkomu,” segir Ragnhildur
og er mikið niðri fyrir varðandi
málefni skjólstaðinga sinna.
„Fyrsta miðvikudag í mánuði
koma fæstir, síðan fjölgar eftir
því sem líður á mánuðinn. Þeg-
ar bætur og barnameðlög eru

TEXTI: RAGNHILDUR ADALSTEINSDÓTTIR

MYNDIR: KARL PETERSSON, BRAGI ÞÓR JÓSEFSSON OG ÚR EINKASAFNI

FÖRDUN OG STÍLISERING: HELGA KRISTJÁNSDÓTTIR

Karlmenn, sem ekki hafa fyrir neinum að sjá nema sjálfum sér, koma í hverri viku til að fá mat. Margir þeirra gætu auðveldlega verið í vinnu og okkur finnst ekki rétt að þeir séu t.d. teknir fram yfir fjölskyldu með börn.“

borguð út, koma færri til okkar. Aukist hefur að fólk af erlendu bergi brotið sæki um aðstoð, en skilyrði er að umsækjandi þarf að vera í þjóðskrá. Allir þurfa því að sýna skilríki sem borin eru saman við þjóðskrá.

Við höfum verið gagnrýndar fyrir að mismuna Íslendingum og útlendingum, en sú gagnrýni er óréttmæt. Vegna fjölgunar þeirra sem sækja um aðstoð höfum við brugðið á það ráð að úthluta einstæðum, fílhraustum karlmönnum bara einu sinni í mánuði. Og þetta gildir bæði um íslenska og erlenda karlmenn. Margir útlendingar hafa áunnið sér réttindi til atvinnuleysisbóta. Karlmenn, sem ekki hafa fyrir neinum að sjá nema sjálfum sér, koma í hverri viku til að fá mat. Margir þeirra gætu auðveldlega verið í vinnu og okkur finnst ekki rétt að þeir séu t.d. teknir fram yfir fjölskyldu með börn. Ég veit að þetta hljómar kannski illa en við konurnar erum ekki fæddar í gær og erum orðnar ágætir mannþekkjara. Konur reyna þetta sjaldnast og við þurfum nánast aldrei að vísa konu frá. Ég legg áherslu á að starf okkar er unnið á vegum Mæðrastyrksnefndar og að okkur ber samkvæmt lögum að sinna fyrst og fremst mæðrum og börnum. En vegna breytts ástands í þjóðfélaginu sinnum við nú einnig einstæðum feðrum með börn á framfæri, eldri borgurum og fleirum,“ segir Ragnhildur.

Afgreiða 500 matarpoka á viku

Ragnhildur segir að stundum komi fólk til þeirra í annarlegu ástandi en það sé þó ekki í mikl-

um mæli. „Við afgreiðum um og yfir 500 matarpoka í hverri viku og það er ótrúlegt hve áfallalaust það gengur fyrir sig. Konurnar sem vinna hérna hafa verið húsmæður til margra ára og komið mörgum börnum til manns. Þær vita því alveg hvernig þær eiga að haga sér í samskiptum við fólk og eru mjög færar. Svo eru verðir frá Securitas til aðstoðar og það er þeim og starfskonunum að þakka hve vel gengur. Það liggur auðvitað misvel á fólki en samskiptin eru yfirleitt öll á rólegu nótnum. Og við höfum allar farið á námskeið og fengið leiðsögn í því hvernig við eigum að bregðast við óvæntum aðstæðum eða uppákomum, bæði í hjálp í viðlögum og sjálfstyrkingu,“ segir Ragnhildur.

Hún segir að það sé mikið sama folkið sem fær fót og mat. „Þegar fataúthlutun fer fram erum við áður búnar að raða öllu smekklega upp og þegar folkið kemur er það eins og að koma inn í verslun, eini munurinn er sá að hér borgar kunninn ekki. Bæði verslanir og einstaklingar gefa mikið af finum fötum. Og ekki má gleyma konunum sem þrjúna alla litlu sokkana, vettlingana og húfurnar á börnin, það er alveg óskaplega vel þegið. Við kaupum mjög mikinn mat og fáum þá alltaf góðan afslátt. Einnig fáum við mikið af verðmætum gjöfum, bæði matar- og fatagjöfum og ýmsar smávörur, snyrtivörur o.fl. Útgerðarfyrirtækin eru dugleg að gefa fisk og einu sinni var okkur gefin heil hreina. Og nokkrir góðvinir okkar, kjötiðnaðarmenn, gerðu að skepnunni fyrir okkur.“

Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, Hjálparstofnun kirkjunnar og Rauði krossinn hafa undanfarin ár verið í samstarfi um jólaúthlutunina og nú bætist Hjálparæðisherinn við. Auglýst

verður bráðlega hvenær byrjað verður að taka á móti umsókn-um og einnig hvar úthlutunin fer fram.

Formennska í Mæðrastyrksnefnd

Ragnhildur hefur verið í Kvenréttindafélagi Íslands (KRFÍ) síðan á áttunda áratugnum og hefur alla tíð hallast mjög að réttindum kvenna og barna.

„Karlarinn sjá um sig – það er bara þannig. Ég þekki það frá langri setu minni í samninganefndum,“ segir Ragnhildur. Árið 1997 var hún kosin í stjórn KRFÍ og árið 1999 tilnefnd f.h. félagsins til að starfa með Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur. Hún var síðan framkvæmdastjóri KRFÍ í nokkur ár og varð formaður Mæðrastyrksnefndar árið 2005 þegar hún tók þá við af Hildi Eyþórsdóttur.

Bláamaður og ljósmyndari heimsóttu Mæðrastyrksnefnd á þriðjudegi þegar starfskonurnar voru önnur kafnar við að taka á móti fatagjöfum. Þær undu glaðar við vinnu sína og var greinilegt hve góður vinnuandi var á staðnum.


„Þetta er sjálfbóðaliðastarf og því mjög gott að þurfa ekki að þrasa um launin,“ segir Ragnhildur og hlær. „Konurnar eru mjög hæfar, kunna vel til verka og eru útsjónarsamar. Við erum frá 14 og upp í 21 á úthlutunardögunum, stundum aðeins fleiri. Við eigum stóran vinahóp sem er fljótur til ef á þarf að halda,“ segir hún.

Mæðrastyrksnefndin á húsnæðið að Hátúni 12 b skuldlaust. „Sumir hafa velt því fyrir sér hvernig slík góðgerðastofnun geti átt svona húsnæði,“ segir Ragnhildur. „Skýringin er einföld. Nokkrar konur arfleiddu Mæðrastyrksnefnd að umtals-

verðum fjármunum og því var hægt að fjárfesta í þessu húsnæði. Auk þess er hér starfað í þeim anda að spara og halda vel utan um hlutina, sem er háttur hinnar hagsýnu húsmóður. Síðustu árin hefur fjárlaganefnd Alþingis veitt Mæðrastyrksnefnd styrk til að reka húsnæðið og greiða laun fyrir hálfst starf. Allar aðrar tekjur

„Fólk kemur til okkar með reisu og við reynum að taka á móti því með reisu, en það fer ekki fram hjá okkur að því líður ekki vel. Það er áhyggjufullt.“

Ragnhildur og kærasti hennar Valgarð Runólfsson við Kreppu.



Hálendið heillar! Ragnhildur við Kverkfjöll.



eru gjafafé frá fyrirtækjum, einstaklingum, félagasamtökum og velunnurum okkar út um allan heim. Við leggjum mikla áherslu á traust og virðingu fyrir manninum – ekki síst mæðrum og börnum.“

Varð ung ekkja

Ragnhildur ólst upp á Kópaskeri og bjó þar til 14 ára aldurs.

„Þar liggja ræturnar og ég held mikið upp á þann stað. Ég er fædd 21. desember árið 1933 – á afmælisdegi Stalíns – árið sem Hitler komst til valda,“ segir hún spök. „Fjórtán ára fór ég til Reykjavíkur í skóla og lauk landsprófi frá Ágústarskólanum, sem þá hét. Í kjölfarið ætlaði ég í hjúkrunarnám en var ekki orðin nógu gömul til að fá inngöngu í skólann þannig að ég fór til Ísafjarðar í vist til frænku minnar og mannsins hennar þar sem ég lærði allt varðandi heimilishald. Á Ísafirði hitti ég ungan og sætan mann. Við rugluðum saman reyttum okkar og bjuggum á Ísafirði í 30 ár. Hann hét Ólafur Þórðarson og við eignuðumst fjóra stráka sem heita Guðmundur, Þórður, Gunnar Bjarni og Magnús, og barnabörnin og barnabarnabörnin eru orðin 21 talsins.

Það var mjög gott að búa á Ísafirði. Maðurinn minn var tollvörður en ég vann á Landssímanum, en þegar hann veiktist af

hjartasjúkdómi fluttumst við til Reykjavíkur. Hann hélt áfram í Tollinum og ég hjá Símanum og vann lengst af í Landssímahúsinu við Austurvöll,“ segir Ragnhildur. Að auku vann hún ýmis störf í þágu stéttarfélagsins F.Í.S. – Félags íslenskra símamanna, fyrst á skrifstofunni, síðan sem framkvæmdastjóri og loks formaður og gegndi því starfi í 12 ár.

Eiginmaður Ragnhildar lést árið 1990 aðeins 58 ára gamall eftir 16 ára baráttu við sjúkdóminn. „Það var erfiður tími og þá var ekki mögulegt að gera allt sem nú er hægt,“ segir Ragnhildur.

Fyrir um átta árum kynntist hún Valgarði Runólfssyni, hann var ekill og fyrrverandi skólastjóri í Hveragerði. Bæði hafa þau mikinn áhuga á ferðalögum um Ísland og það var í einu slíku sem þau kynntust.

„Við ferðumst mikið með eldri borgurum. Hann hefur skipulagt margar skemmtilegar ferðir á vegum Eftirlaunadeildar símamanna og Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni og er flinkur og fróður leiðsögumaður. En ég hjálpa til við eitt og annað í ferðunum þegar á þarf að halda. Við erum í fjarbúð, hann býr í Hveragerði og ég á Seltjarnarnesi, en við deilum miklum tíma saman. Ein aðalskemmtun okkar undanfarin ár hefur verið að stunda nám í Endurmenntun

Háskóla Íslands. Núna erum við t.d. að lesa Njálu á námskeiði hjá Magnúsi Jónssyni og það er bæði fróðlegt og skemmtilegt. Um daginn vorum við 65 nemendur Magnúsar í söguferð um slóðir Njálu og komum við á mörgum sögufrægum stöðum, svo sem Keldum á Rangárvöllum, Hlíðarenda í Fljótshlíð og Bergþórhvoli í Landeyjum. Ég held mikið upp á Hallgerði hina síðhærðu á Hlíðarenda því að hún var ein af fyrstu kvenréttindakonunum og gerði uppreisn gegn karlaveldinu,“ segir Ragnhildur.

Dýrmætt að vinna með Ögmundi

Ragnhildur hefur ríka réttlætiskenn og byrjaði ung í verkalyðshreyfingunni. „Í Félagi íslenskra símamanna, sem starfaði innan BSRB, vann ég ásamt góðum hópi fólks við að ná betri kjörum fyrir okkar félagsmenn,“ segir hún. Árið 1988 var hún kosin varaformaður BSRB þar sem hún starfaði við hlið Ögmundar Jónassonar til ársins 1997. „Það var mjög dýrmætur tími. Það að fá að vinna með Ögmundi eru forréttindi sem ekki hlotnast öllum. Ég nýt þess mjög að hafa lært af vinnubrögðum hans og visku. Ég styð hann í einu og öllu því hann er sá maður sem ég treysti til að fara með mikil völd af réttlæti og mannúð,“ segir hún ákveðin.

„Á þessum tíma var starfandi starfsmannaráð hjá Landssímanum. Það var skipað forstöðumönnum hinna ýmsu deilda og formönnum þriggja stéttarfélaga. Þar fengum við að fylgjast með rekstrinum, mannráðningum o.fl. Ég var mjög mikið á móti einkavæðingu Símans því ég var búin að sjá hvernig þetta fór úr böndunum í nágrannalöndunum og hvernig réttindum starfsfólksins var ýtt til hliðar. Réttindin sem við höfðum barist fyrir voru tekin af starfsfólkinu eða keypt fyrir smápening. „Allt varð dýrara, eignarhaldið var ekki alltaf á hreinu og fólk tapaði starfsörygginu. Hingað kom fyrirlesari frá Alþjóðasamtökum starfsfólks í pósti- og síma-fyrirtækjum. Hann útskýrði á ljósan og einfaldan hátt, hverjar yrðu afleiðingar einkavæðingar. Hann sagði einfaldlega, að „einkavæðing væri tæki til að umbýla þjóðfélaginu“. Var það ekki einmitt það sem gerðist hjá okkur? Síðan kom launaleyndin og hana notuðu atvinnurekendur til að brjóta niður samstöðu launafólks. Einkavæðingin og launaleyndin voru og eru múrbrjótar nýfrjálslyggjunnar og eru aðalástæðurnar fyrir því hvernig komið er fyrir okkur. Ég segi það og stend við það,“ segir Ragnhildur ákveðinni röddu.

Gagnrýnir verkalyðsbaráttu nútímans

„Ég hef gagnrýnt ASÍ og verkalyðsfélögin og finnst mörgu hafa farið aftur. Á stórum vinnustöðum er greitt svokallað „jafnaðarkaup“. Dagvinna, yfirvinna og næturvinna eru horfin hugtök. Með jafnaðarkaupi getur atvinnurekandi notað starfsfólk eins og honum hentar best. Með þessu móti er verið að taka ákveðin réttindi af fólki, sem er mikil afturför, t.d. hefur ákveðinn kaffítími verið seldur víða fyrir nokkra smáaura. Mér finnst að þeir sem hafa undanfarin ár

Starfskonur Mæðrastyrksnefndar. F.v.: Ragnhildur Guðmundsdóttir, Amalía Jóna Jónsdóttir, Svanlaug Vilhjálmsdóttir, Aðalheiður Frantzdóttir, Ragnheiður Stephensen, Guðlaug J. Aðalsteinsdóttir, Guðrún Björgvinsdóttir, Ingibjörg Helgadóttir og Erla Hjartardóttir.



Saga Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur

Mæðrastyrksnefnd var stofnuð árið 1928 í kjölfar hörmulegs sjúðslyss þegar togarinn Jón forseti fórst út af Stafnesi. Fimmtán skipverjar fórust en tíu komust af og í kjölfarið var farið að huga að því hvernig koma skyldi ekkjum og börnum þeirra til hjálpar. Stjórn Kvenréttindafélags Íslands samþykkti skömmu síðar að bjóða öðrum kvenfélögum til fundar til að ræða og hrinda í framkvæmd hugmyndum um almenna ekknastyrki. Tuttugu og tveir fulltrúar 10 kvenfélaga hittust á fundi hinn 28. apríl 1928 þar sem framkvæmdarnefnd var kosin og hlaut nafnið Mæðrastyrksnefnd. Árið 1939 var Mæðrastyrksnefnd

endurskipulögð og gerð að sjálfstæðri stofnun.

Aðalverkefni nefndarinnar var í byrjun að hrinda í framkvæmd hugmyndum um almenna ekknastyrki. Það tókst og nokkru síðar hófst vinna við að afla stuðnings við að allar einstæðar mæður, ekkjur, ógiftar konur og fráskildar, fengju rétt til að fá greidd meðlög með börnum sínum. Jafnframt var unnið að því að þær fengju mæðralaun sem nægðu til að tryggja afkomu heimilis. Áfangasigur náðist 1935 með samþykkt svonefndra framfærslulaga þar sem m.a. voru tryggð meðlög með börnum ekkna, mæðrastyrkur tekinn upp og sveitarflutningur mæðra og barna þeirra afnuminn. Mæðrastyrksnefnd átti

frumkvæði að og undirbjó fyrsta frumvarpið um barnavernd sem varð að lögum á Alþingi 1932.

Saga Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur er saga um baráttu fyrir réttlátri og mannúðlegri félagsmálalöggjöf, einkum í þágu einstæðra mæðra og barna. Starf hennar hefur haft mikil áhrif, jafnt á almenningsálitið sem á löggjöf og framkvæmd laganna. Starf nefndarinnar hefur breyst í áhranna rás og í takt við tímann, því stöðugt fjölga þeim sem leita til hennar. Kvenfélögin að baki Mæðrastyrksnefndinni eru: Kvenréttindafélag Íslands, Thorvaldsensfélagið, Hvítabandið, Félag háskólakvenna, Hvöt, félag sjálfstæðiskvenna, Kvenfélag Alþjóðflokksins og Félag framsóknarkvenna. (www.maedur.is).

Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur er til húsa í Hátúni 12 b. Afgreiðsla á mat er á miðvikudögum kl. 14-17. Afgreiðsla á fatnaði er fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 13-15. Tekið er á móti fatagjöfum alla þriðjudaga kl. 10-15. Aðra virka daga er skrifstofan opin kl. 10-15. Síminn: 551-4349 Netfang: maedur@simnet.is Vefsíða: maedur.is



Ragnhildur ásamt sonum sínum fjórum sem heita Guðmundur, Þórður, Gunnar Bjarni og Magnús.



Með tengdadætrunum Kristínu, Ester, Helgu Birnu og Þóru.



Ragnhildur með barnabörnunum.

verið í framvarðarsveit verkalýðsbaráttunnar vera hálfgerðar undirlægjur atvinnurekenda. Skilin þurfa að vera miklu skýrari, samstarf er allt annað en sameining.

Ég hef séð það í blöðunum að forkólfar verkalýðsfélaganna hafa mjög góð laun, með um og yfir milljón á mánuði. Ég er ekki að gera lítið úr þeim, starf þeirra er mikilvægt, en þegar ég horfi á kjarasamningana sem þeir samþykkja og láta frá sér fara þá hef ég ekki komist hjá því að hugsa af hverju svona mikill munur sé á hæstu og lægstu laununum," segir Ragnhildur og bætir við: „Við fengum jú laun fyrir störf okkar í þágu verkalýðsbaráttunnar á sínum tíma, en það var ekkert í líkingu við það sem þekktist í dag.“

Hún segir að menn hafi gleymt uppruna sínum. „Mér finnst sorglegt að horfa á „litla stráka“ sem rignir upp í nefið á, uppstrílaða í jakkaföt og með stresstöskur í hendinni, drengi, nýskriðna út úr skóla og með litla reynslu í mannlegum sam-

„Mér finnst sorglegt að horfa á „litla stráka“ sem rignir upp í nefið á, uppstrílaða í jakkaföt og með stresstöskur í hendinni, drengi, nýskriðna út úr skóla og með litla reynslu í mannlegum samskiptum, birtast og segjast ætla að bjarga málum á svipstundu án þess að kunna nokkuð nema að hirða launin sín.“

skiptum, birtast og segjast ætla að bjarga málum á svipstundu án þess að kunna nokkuð nema að hirða launin sín. Það snýst nefnilega allt um peninga enn í dag þrátt fyrir „hrunið“ og sjálfboðavinna þekktist lítið hjá fólki sem útskrifast frá æðri menntastofnunum. Ég er ekki að gera lítið úr því að fólk leggi mikið á sig til að afla sér menntunar en skólaganga ein og sér er lítills virði þegar mannúðina vantar. Það er auðgildið sem hefur ráðið för undanfarið en manngildið verið sett hjá.“

Matarúthlutun hjá Mæðrastyrksnefnd undirbúin.



Tónleikar til styrktar Mæðrastyrksnefnd

Góðgerðarfélagið Caritas Ísland heldur styrktartónleika í þágu Mæðrastyrksnefndar í Kristskirkju, Landakoti, sunnudaginn 21. nóvember kl. 16. Landspektir listamenn koma fram, m.a. Kristján Jóhannsson og Þóra • Einarsdóttir. Sjá midi.is.